

**SUMARTÓNLEIKAR  
2018  
SUMMER CONCERTS**



**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Sigurjón Ólafsson Museum**



**ÞRIÐJUDAGINN 3. JÚLÍ KL. 20:30**  
**Reynir Hauksson** gítarleikari.

**Andalusíu-fantasía**

Tónverk eftir Paco de Lucía, Roland Dyens og Reyni sjálfan. Einnig Tangóar frá Granada og Bulerías frá Jerez í Andalusíu.

**TUESDAY JULY 3RD AT 8:30 PM**

**Reynir Hauksson** guitar.

**Andalucian Fantasy**

Music by Paco de Lucía, Roland Dyens and the performer himself. Tangos and Bulerías from Granada and Jerez in Andalusia.



**ÞRIÐJUDAGINN 31. JÚLÍ KL. 20:30**

**Guitar Islancio**

**Björn Thoroddsen** og **Gunnar Þórðarson** gítarleikarar og **Jón Rafnsson** bassaleikari.

Tuttugu ára starfsafmæli Guitar Islancio.

Blanda af frumsömdu efni, íslenskum og erlendum þjóðlögum og sígildum jazzlögum.

**TUESDAY JULY 31ST AT 8:30 PM**

**Guitar Islancio**

Guitarists **Björn Thoroddsen** and **Gunnar Þórðarson** with bass player **Jón Rafnsson**.

Twenty years anniversary of Guitar Islancio. Program with their own compositions, folk songs and classical jazz.



**ÞRIÐJUDAGINN 10. JÚLÍ KL. 20:30**

**Lilja Guðmundsdóttir** sópran og **Eva Þyri Hilmarsdóttir** píanóleikari.

**Draumur um ást.** Fimm sönglög ópus 37 eftir Jean Sibelius, kaflar úr Rómönsum ópus 47 eftir Pyotr Tchaikovsky og Brettli Lieder eftir Arnold Schönberg.

**TUESDAY JULY 10TH AT 8:30 PM**

**Lilja Guðmundsdóttir** soprano and **Eva Þyri Hilmarsdóttir** piano.

**Dreaming for Love.** Five songs opus 47 by Jean Sibelius, from Seven Songs opus 47 by Tchaikovsky and Brettli Lieder by Arnold Schönberg.

**ÞRIÐJUDAGINN 17. JÚLÍ KL. 20:30**

**Kristín Einarsdóttir Mäntylä** mezzosópran, **Sigrún Björk Sævarsdóttir** sópran og **Elena Postumi** píanóleikari.

„Í dag skein sól“

Sönglög eftir Pál Ísólffson, Jón Leifs, Emil Thoroddsen, Edvard Grieg og fleiri tónskáld sem öll lærðu eða störfuðu í Leipzig, en þar eru flytjendurnir nú í námi og starfi.

**TUESDAY JULY 17TH AT 8:30 PM**

**Kristín Einarsdóttir Mäntylä** mezzo-soprano, **Sigrún Björk Sævarsdóttir** soprano and **Elena Postumi** piano.

**Crossing Paths in Leipzig.** Songs by, amongst others, Pál Ísólffson, Jón Leifs, Emil Thoroddsen, Edvard Grieg who all studied and worked in Leipzig - as the performers do now.



**ÞRIÐJUDAGINN 24. JÚLÍ KL. 20:30**

**Björg Brjánsdóttir** flautuleikari og **Jane Ade Sutarjo** píanóleikari. Sónata fyrir flautu og píanó eftir Franc Poulenc. Air Vaudois og Andante et Allegro eftir Mel Bonis og Sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Claude Debussy, útsett fyrir flautu og píanó.

**TUESDAY JULY 24TH AT 8:30 PM**

**Björg Brjánsdóttir** flute and **Jane Ade Sutarjo** piano.

Sonata for flute and piano by Franc Poulenc; Air Vaudois and Andante et Allegro by Mel Bonis and Sonata for violin and piano by Claude Debussy, arranged for flute and piano.



**ÞRIÐJUDAGINN 7. ÁGÚST KL. 20:30**

**Guja Sandholt** sópran og **Heleen Vegter** píanóleikari.

**Æskuástir og ævintýri**

Sönglög eftir Jórinni Viðar, Thea Musgrave, Edvard Grieg og Claude Debussy.

**TUESDAY AUGUST 7TH AT 8:30 PM**

**Guja Sandholt** soprano and **Heleen Vegter** piano.

**Love, Youth and other Adventures.**

Songs by Jórunn Viðar, Thea Musgrave, Edvard Grieg and Claude Debussy.

**ÞRIÐJUDAGINN 14. ÁGÚST KL. 20:30**

**Søren Bødker Madsen** gítarleikari og **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðluleikari.

Sónötur fyrir fiðlu og gítar eftir Niccolò Paganini. Rondo Capriccioso eftir Camille Saint-Saëns, Preludium og Allegro, Schön Rosmarin, Liebesleid og Liebesfreud eftir Fritz Kreisler, sem Søren útsetti fyrir fiðlu og gítar.

**TUESDAY AUGUST 14TH AT 8:30 PM**

**Søren Bødker Madsen** guitar and **Hlíf Sigurjónsdóttir** violin.

Sonatas for violin and guitar by Niccolò Paganini. Rondo Capriccioso by Camille Saint-Saëns and Preludium and Allegro, Schön Rosmarin, Liebesleid and Liebesfreud by Fritz Kreisler, arranged for violin and guitar by Søren.





Gítarleikarinn og tónskáldið **Reynir Hauksson** nam klassískan gítarleik í Tónlistarskóla FÍH undir handleiðslu Snorra Arnar Snorrasonar og útskrifaðist þaðan árið 2015. Einnig lagði hann stund á rafgítarnám við sama skóla. Að námi loknu bjó hann í Noregi um stund þar sem hann starfaði sem hljóðfærleikari áður en hann hélt til Granada á Spáni til að leggja stund á Flamenco gítarleik. Meðleikarar og leiðbeinendur þar hafa verið Alberto Fernández

López, Jerónimo Maya og Rubem Dantas sem allir eru leiðandi listamenn innan Flamenco tónlistar.

Reynir hefur allan sinn feril verið iðinn við tónleikahald og komið fram undir ýmsum formerkjum, sem einleikari og í hljómsveitum. Hann hefur spilað á mörgum tónlistarhátíðum hérlandis og erlendis, meðal annars Iceland Airwaves, La Noche en Blanco og Veke revyen. Síðustu ár hefur Reynir einbeitt sér í auknum mæli að einleikstónleikum bæði á Íslandi og á Spáni.

**Reynir Hauksson** studied classical guitar in FÍH Academy of Music in Reykjavík, under the guidance of Snorri Örn Snorrason, and graduated in 2015. After finishing his studies in Iceland he moved to Norway where he worked as a music performer. Today Reynir resides in Granada in Spain where he studies and performs Flamenco music. His instructors and associates include Alberto Fernández López, Jerónimo Maya and Rubem Dantas, who all are leading forces in the evolution of the Flamenco music.

Throughout his career, Reynir has been an active performer of music in various forms. He has played in major music festivals in Iceland and abroad, for example *Iceland Airwaves Music Festival*, *La Noche en Blanco* and *Veke*. In recent years Reynir has focused more on solo concerts to promote the repertoire of the classical- and Flamenco guitar.



**Lilja Guðmundsdóttir** ólst upp á Kópaskeri og nam við Tónlistarskólann á Akureyri, Söngskóla Sigurðar Demetz í Reykjavík og Konservatorium Wien Privatuniversität í Austurríki. Þaðan lauk hún meistaraþrófi haustið 2015 með fyrstu einkunn. Hennar helstu kennarar voru Sigríður Aðalsteinsdóttir, Sigrún Hjalmtýsdóttir og Uta Schwabe. Meðal sönghlutverka Lilju í Vín má nefna *Suor Osmína* og *Le Novizie* í Suor Angelica, í Theater an der Wien og *Næturdróttninguna* í uppfærslu

Óh!pera á Töfraflautunni sumarið 2014. Hér heima hefur Lilja sungið hlutverk *Donna Elvira* úr Don Giovanni, *Frasquita* í Carmen, 2. *Niece* í Peter Grimes og *Madame Herz* í Der

Schauspieldirektor. Þá hefur Lilja komið fram sem einsöngvari með Festival Orchestra Wien í níu borgum í Finnlandi og á tónleikum í Sofíu í Búlgaríu. Hún hefur sungið á óperutónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og árið 2017 var hún einsöngvari á tónleikum Salon Islandus.

**Lilja Guðmundsdóttir** studied the flute and piano in her home town, Kópasker North-Iceland, and singing at the Akureyri Music School, the Sigurður Demetz School of Singing in Reykjavík and at the Konservatorium Wien Privatuniversität. Twice she received scholarships from Dalton Baldwin, and she has participated in master classes with Barbara Bonney, Roger Vignoles, Lorraine Nubar, Galina Pisarenko and Angelika Kirschlager.

Lilja has sung the roles of *Donna Elvira* in Don Giovanni in Reykjavík, *Suor Osmína* and *Le Novizie* in Suor Angelica by Puccini at the Theater an der Wien, *Frasquita* in Carmen at the Icelandic Opera and the *Queen of the Night* in Mozart's Magic Flute in Casino Baumgarten in Vienna. In 2015 she sang 2. *Niece* in Peter Grimes with the Icelandic Opera. Lilja has appeared as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra, Salon Islandus and the Vienna Festival Orchestra.

### Eva Þyri Hilmarsdóttir

lauk prófum frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, Det Jyske Musikonservatorium í Árósum og the Royal Academy of Music í London, en þaðan útskrifaðist hún með hæstu einkunn og hlaut heiðursnafnbótina DipRAM og Christian Carpenter Piano Prize fyrir framúrskarandi lokatónleika. Helstu kennarar hennar voru Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Halldór Haraldsson, John Damgård og Michael Dussek.



Auk fjölda einleikstónleika hefur Eva Þyri verið virk í flutningi kammer- og ljóðatónlistar og hefur þar að auki frumflutt fjölda íslenskra og erlendra tónverka, meðal annars á hátíðunum Myrkum Músikdögum, Ung Nordisk Musik, Young Euro Classic Festival í Berlín og Young Composers Symposium í London. Hún lék einnig á yfir hundrað tónleikum í Hörpu, í tónleikaröðinni Pearls of Icelandic Song, sem var til-einkuð íslenskum sönglögum.

**Eva Þyri Hilmarsdóttir** studied at the Reykjavík College of Music, the Royal Academy of Music in Aarhus, Denmark, and the Royal Academy of Music in London. There she graduated with Distinction and was awarded a DipRAM and the Christian Carpenter Piano Prize for an outstanding final recital. Her teachers were Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Halldór Haraldsson, Prof. John Damgård and Michael Dussek.

Aside from giving solo recitals, Eva Þyri takes an avid interest in chamber music and Lieder and has premiered numerous compositions, appeared in festivals such as Dark Music Days in Reykjavík, Ung Nordisk Musik, Young Euro Classic Festival in Berlin and Young Composers Symposium, London. She also participated in over one hundred recitals dedicated to Icelandic music in the series *Pearls of Icelandic Song* in Harpa Concert House.



**Kristín Einarsdóttir Mäntylä** söng í kórum Langholtskirkju frá átta ára aldri og fékk þar sína fyrstu söngkennslu. Sem meðlimur Graduale Nobili söng hún á plötu Bjarkar Guðmundsdóttur *Biophilia* árið 2011 sem leiddi til tveggja ára tónleikaferðalags víða um heim. Hún útskrifaðist úr Söngskóla Reykjavíkur árið 2013 hjá Hörpu Harðardóttur og hóf um haustið 2014 söngnám hjá Reginu Werner-Dietrich við Tónlistarháskólann í Leipzig. Kristín hlaut árið 2016 verð-

laun *Junge Stimmen Leipzig* og var í ár valinn *Bayreuth* styrkþegi Richard Wagner félagsins í Leipzig og styrkþegi Yehudi Menuhin, *Live Music Now Leipzig*. Síðastliðinn vetur söng hún í óperunni í Leipzig sem *fylgdarsveinn* í Töfraflautunni og *blómastúlka* í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart. Í vor fór hún með hlutverk *Nireno* í óperunni Júlíus Cesar eftir Händel í tónlistarháskólanum í Leipzig og í óperunni í Dessau. Í nóvember mun Kristín syngja hlutverk *Óla Lokbrár* í uppfærslu íslensku óperunnar á Hans og Grétu eftir Engelbert Humperdinck.

**Kristín Einarsdóttir Mäntylä** received her first singing lessons as a member of a children choir in Reykjavík. As a member of the choir Graduale Nobili she sang on Björk's *Biophilia* album, which was followed by a two year world tour. Kristín graduated from the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts in 2013 with Harpa Harðardóttir and is currently studying with Prof. Regina Werner-Dietrich at The University of Music in Leipzig.

Kristín has appeared as a soloist on various occasions and frequently performs recitals in Iceland and Germany. In 2016 she received a prize from the *Junge Stimmen Leipzig* and in 2018 she received the *Bayreuth Stipendium* from the Richard-Wagner Verband and the *Yehudi Menuhin - Live Music Now* stipendium. In the Leipzig Opera she sang the roles of a Child-spirit in the Magic Flute and the *Flower girl* in the Marriage of Figaro. This spring she sang the role of *Nireno* in Händel's Giulio Cesare at the University of Music in Leipzig, and in the Opera in Dessau.



**Sigrún Björk Sævarsdóttir** stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík árin 2009-2013 hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Samhliða því nam hún verkfræði við Háskólann í Reykjavík og útskrifaðist með BSc gráðu í Heilbrigðisverkfræði vorið 2012. Hún hóf nám í óperusöng við Tónlistarháskólann í Leipzig 2013 hjá KS. R. Schubert og lauk meistaranámi í október 2016. Nú stundar hún nám í meistaradeild skólans. Sigrún kemur reglulega fram sem einsöngvari í kirkjulegum verkum, á ljóðatónleikum og

með hljómsveitum. Meðal óperuhlutverka hennar eru *Barbarina* í Brúðkaupi Fígarós, Alcina í töfraóperunni Spuk im Händelhaus

og *Saad og Banjospielerin* í Schahrazade, allt við óperuhúsið í Halle. Við óperuna í Leipzig söng hún hlutverk *fylgdarsveins* í Töfraflautunni og kom fram á júlátónleikum óperunnar. Í uppfærslum háskólans hefur hún söngið hlutverk *Ännchen* í Der Freischütz og hlutverk *Donnu Önnu* í Don Giovanni í Jena og Leipzig. Árið 2017 var hún valin Bayreuth styrkþegi Richard Wagner félagsins í Leipzig.

**Sigrún Björk Sævarsdóttir** studied at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts with Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Simultaneously, she studied Biomedical Engineering at the University of Reykjavík receiving her BSc in 2012. She continued her singing studies at the Hochschule für Musik und Theater in Leipzig and received her Master degree with Distinction. Currently she studies at the Meisterklasse Division of the school. In 2017, she received a scholarship from the Richard-Wagner Verband in Leipzig.

Sigrún has performed the roles of *Barbarina* in the Marriage of Figaro, Alcina in the opera Spuk im Händelhaus, *Saad* and *Banjospielerin* in Schahrazade in the Opera in Halle and, *Child-spirit* in the Magic Flute in the Opera in Leipzig. She has also sung the role of *Ännchen* in Der Freischütz and *Donna Anna* in Don Giovanni. Besides here opera roles, Sigrún is active on the concert platform as a Lied singer, oratorio soloist and as a soloist with an orchestra.

**Elena Postumi** er fædd og uppalin á Ítalíu. Fimm ára byrjaði hún að læra á píanó og tólf ára hóf hún nám við Conservatorio G.B. Martini í Bologna. Árið 2014 útskrifaðist hún með einleikarapróf frá Conservatorio Santa Cecilia í Róm undir handleiðslu Elisabetta Pacelli, og með meistaragráðu í kammermúsík árið 2016. Árið 2015 var hún í skiptinámi við Tónlistarháskólann í Leipzig hjá Alexander Schmalcz og Hanns-Martin Schreiber. Hún hefur tekið þátt í fjölda námskeiða, meðal annars hjá Genevieve Ibanes, Bruno Canino og Phillip Moll. Nú stundar hún meistaránám við Tónlistarháskólann í Leipzig hjá Alexander Schmalcz.



Elena hefur komið víða fram sem einleikari og meðleikari og hún hefur einnig getið sér gott orð sem tónskáld. Í janúar í ár fékk Elena sérstök verðlaun sem besti meðleikarinn í keppni sem kennd er við Albert Lortzing og haldin var á vegum Tónlistarháskólans í Leipzig.

Elena hefur komið víða fram sem einleikari og meðleikari og hún hefur einnig getið sér gott orð sem tónskáld. Í janúar í ár fékk Elena sérstök verðlaun sem besti meðleikarinn í keppni sem kennd er við Albert Lortzing og haldin var á vegum Tónlistarháskólans í Leipzig.

The versatile Italian pianist **Elena Postumi** is currently completing her Master's degree in Lied interpretation in the class of Alexander Schmalcz at The University of Music and Theater in Leipzig. Her busy concert career has already taken her throughout Europe as a Lied and chamber music accompanist as well as a soloist. She has been working with the baritone Frederik Tucker in a Lied Duo since 2015, performing recitals in Belgium, Germany, USA and Iceland. In 2018 she received the special prize for the best student of piano accompaniment at the Lortzing Competition. She is a scholarship holder of *Yehudi Menuhin - Live Music Now* organization.

Since 2009 she studies composition at Santa Cecilia in Rome and has completed her studies in solo piano and vocal chamber music from the same institution.



**Björg Brjánsdóttir** lauk framhaldsþrófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2012 undir handleiðslu Hallfríðar Ólafsdóttur og Magneu Árnadóttur. Þaðan lá leið hennar til Oslóar þar sem hún útskrifaðist af einleikarabrot Tónlistarháskóla Noregs í Osló vorið 2017. Aðal-kennarar hennar voru Andrew Cunningham og Per Flemström. Hún stundaði einnig nám við Tónlistarháskólann í München þar sem kennarar hennar voru

Stephanie Hamburger og Natalie Schwaabe. Björg kom fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands í janúar 2014 og hefur verið lausráðin þar síðan vorið 2016. Hún spilar reglulega með ýmsum kammerhópum og hljómsveitum hérlendis og erlendis samhliða kennslu og spunatónlist.

**Björg Brjánsdóttir** graduated from the Reykjavík College of Music in 2012 and has since then pursued further studies at the Norwegian Academy of Music in Oslo and the University of Music and Performing Arts Munich. Her main teachers were Per Flemström, Andrew Cunningham, Stephanie Hamburger and Natalie Schwaabe. She has performed with several orchestras and chamber groups and plays regularly with the Caput ensemble, the Iceland Symphony Orchestra and The Icelandic Opera. Björg has performed as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra, the Icelandic Youth Orchestra and the wind band Svanurinn. She is one of the founders of Elja, a new chamber orchestra in Iceland. Björg is also a teacher of Timani, meditation and body work for musicians.

**Jane Ade Sutarjo** fæddist í Jakarta í árið 1989 og hóf tónlistar-nám sitt þar. Haustið 2008 flutti hún til Íslands og hóf nám við Listaháskóla Íslands, á fiðlu hjá Guðnýju Guðmundsdóttur og á píanó hjá Nínu Margréti Grímsdóttur og síðar Peter Máté. Í fyrrasumar lauk Jane meistaranámi við Tónlistarháskóla Noregs í Osló þar sem kennarar hennar voru Jens Harald Bratlie, Kathryn Stott og Liv Glaser.

Jane tekur virkan þátt í íslensku tónlistarlífi og hefur komið víða fram bæði í kammertónlist og sem einleikari.

Hún hélt sína fyrstu opinberu tónleika árið 2014 og sama ár lék hún einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Árið 2012 hlaut hún Minningarverðlaun Halldórs Hansen og vann fyrsta sæti í fimmtu EPTA píanókeppninni á Íslandi. Hún starfar sem einleikari, meðleikari og kennir píanóleik við Tónskóla Sigur-sveins D. Kristinssonar og Tónlistarskóla Kópavogs.

Björg og Jane hafa spilað saman í nokkur ár og komið fram á fjölmörgum tónleikum



á Íslandi og í Noregi. Þær stunduðu nám samtímis við Tónlistarháskóla Noregs í Osló og sóttu þar marga einkatíma og hóptíma sem dúó. Þær eru báðar fluttar heim og halda áfram samspilinu hér á landi.


**Jane Ade Sutarjo** was born in Jakarta, Indonesia. She began her musical education at early age, first on the piano and later, the violin. She moved to Iceland in 2008, and continued her music studies at the Iceland Academy of the Arts. She studied the violin under the guidance of Guðný Guðmundsdóttir and the piano with Nína Margrét Grímsdóttir and Peter Máté, receiving her bachelor degrees for both instruments. In 2017 she graduated from the Norwegian Academy of Music with a master's degree, after studying with Jens Harald Bratlie, Kathryn Stott and Liv Glaser. In the same year, she started working as an accompanist in various music schools in Reykjavík.

Jane has performed widely as a soloist, accompanist and in various chamber music groups. In 2011 she performed as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra. She won the first prize in the fifth EPTA Iceland piano competition in 2012.

Björg and Jane have played as a duo for a couple of years and performed together in various concerts in Iceland and Norway. They studied chamber music together as a duo at the Norwegian Academy of Music in Oslo in 2016/17 and have continued the collaboration in Iceland since.

### **Gunnar Þórðarson**

hefur verið í fremstu röð íslenskra tónlistarmanna allt frá því hann stofnaði popphljómsveitina Hljóma í byrjun sjöunda áratugsins. Hann hefur samið hátt í 800 lög sem hafa verið gefin út á hljómplötum, auk tónlistar við fjölmargar kvikmyndir, söngleiki og leikverk, og stjórnað upptökum og útsett tónlist á fjölda hljómplatna. Á síðustu árum hefur hann snúið sér



æ meir að tónsmíðum og útsetningum stærri verka. Árið 2013 var frumflutt ópera hans *Ragnheiður*, sem byggð var á sögu Ragnheiðar Brynjólfssdóttur í Skálholti á 17. öld og hlaut hún einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Gunnari hafa hlotnast ýmsar viðurkenningar á ferlinum og árið 2009 var hann sæmdur hinni íslensku fálkaorðu.

**Gunnar Þórðarson** has been in the forefront of Icelandic music as a composer and arranger since he formed the band Hljómar in the sixties. He has composed over 700 songs that have been recorded, written music for films and theater and produced numerous musical albums.

In recent years he has composed music for larger orchestras. His opera *Ragnheiður* was premiered in 2013, based on the true story of Ragnheiður Brynjólfssdóttir, the daughter of the 17th century bishop in Skálholt, Brynjólfur Sveinsson. The opera became the third most popular opera in the history of the Icelandic opera. Gunnar Þórðarson was awarded the Order of the Falcon, by the President of Iceland for his contribution to Icelandic music.



**Björn Thoroddsen** hefur í hartnær 40 ár verið einn af atkvæðamestu djasstónlistarmönnum Íslands. Hann hefur gefið út marga diska undir eigin nafni auk fjölda samstarfsverkefna, s.s. Svare/Thoroddsen Trio og Cold Front, og hefur leikið með fjölda þekktara evrópskra tónlistarmanna. Má þar nefna Ole Kock Hansen, Mads Vinding, Niels-Henning Ørsted Pedersen, Nigel Kennedy, Alex Riel, Philip Catherine, Sylvain Luc, Didier Lockwood, Doug

Raney, Ulf Wakenius og Jørgen Svare. Björn hefur leikið út um allan heim og hefur tónlist hans verið gefin út í Evrópu, í Norður- og Suður Ameríku og Asíu. Meðal listamanna sem Björn hefur unnið með má nefna Kazumi Watanabe, Richard Gillis, Leni Stern, Steve Kirby, P.J. Perry, James Carter, Prudence Johnson, Robben Ford, en með honum hefur Björn margoft komið fram sem sérstakur gestur á tónleikum.

Björn hefur hlotið ýmsar viðurkenningar á ferlinum, s.s. Jazztónlistarmaður ársins 2003 og Jazztónskáld ársins 2005 á Íslensku tónlistarverðlaununum og Bæjarlistamaður Garða-bæjar 2002.

**Björn Thoroddsen** has for the last 30 years been one of Iceland's leading jazz guitarists. He is the recipient of several Icelandic music awards, including *Jazz Performer of the Year* in 2003, and has released a number of critically acclaimed albums. Originally a rock musician, his attention soon turned towards jazz, and now Björn tours both as a soloist and with his bands all around the world, playing pop, jazz, rock, blues, country and whatever style of music he feels like playing at the time. Björn's bands include Cold Front with Canada's Richard Gillis besides the Guitar Islancio, which has the honor of being the first Icelandic jazz group to have a gold certificate album. Björn has also collaborated with musicians such as Niels-Henning Ørsted Pedersen, Kazumi Watanabe, Tommy Emmanuel, Al Di Meola, Robben Ford and Larry Coryell, to name a few.

**Jón Rafnsson** hefur starfað við tónlist frá unglingsárum sínum. Tónlistarmenntunin var í fyrstu sjálfsnám á rafbassa með tilheyrandi spilamennsku, en frá 1976 og fram til ársins 1983 stundaði hann klassískt tónlistarnám við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, á fiðlu, pianó og kontrabassa. Á árunum 1983-1987 nam hann kontrabassaleik hjá Thorvald Fredin prófessor í Stokkhólmi auk náms við Tónlistarkennaraháskólann þar (Stockholms Musikpedagogiska Institut).

Allt frá því að Jón flutti heim frá Svíþjóð árið 1990 hefur hann verið mjög virkur í íslensku tónlistarlífi og leikur jöfnum höndum hina ýmsu tónlistarstíla; jazz, blús, rokk og klassísk.



Hann hefur gefið út fjölda geisladiska og er eftirsóttur bassaleikari og tónlistarkennari.

**Jón Rafnsson** has been on the music scene since in his teens. He started his career in the mid seventies by playing with rock and dance bands around the south coast of Iceland. He then began classical training on the violin, piano and double bass from 1976-1983 and continued his double bass studies with Professor Thorvald Fredin in Stockholm, Sweden. Jón is also a qualified music teacher with a degree from the Stockholms Musikpedagogiska Institut (SMI). Since returning to Iceland from Sweden in 1990, Jón has been very active in the musical life of Iceland, performing jazz, blues, rock, classical music, playing in dance bands, for theatre shows, and taking part in many recordings. Jón has performed and recorded with many world renowned jazz musicians, including Philip Catherine, Didier Lockwood, Sylvain Luc, Kazumi Watanabe, Jørgen Svare, James Carter, Larry Coryell, Ulf Wakenius and Nils Landgren.

**Guja Sandholt** stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, Guildhall School of Music and Drama í London, Mozarteum í Salzburg og Konservatoríð í Utrecht.

Hún sækir reglulega tíma hjá Stephanie Doll í Düsseldorf og í janúar síðastliðnum sótti hún 10 daga námskeið í Skotlandi ásamt Heleen Vegter hjá hinum þekktu meðleikara Malcolm Martineau. Hún býr í Amsterdam og í Reykjavík, starfar sjálfstætt sem söngkona og er í

hlutastarfi hjá Hollenska útvarpskórnum. Hún hefur sungið einsöngshlutverk í verkum á borð við *Bon Appétit!* eftir Lee Hoiby, *The Bear* eftir William Walton, *Mattheusarpassíuna* og *Jólaóratoríuna* eftir J.S. Bach, *Requiem* eftir Mozart og Duruflé, *Stabat Mater* eftir Dvorák, Arvo Pärt og Pergolesi og *Messias* eftir Händel. Árið 2013 fór hún sem styrkþegi Wagner-félagsins til Bayreuth og á árunum 2011-2012 starfaði hún fyrir tónskáldið Arvo Pärt og fjölskyldu hans í Eistlandi. Guja er annar tveggja listrænna stjórnenda Óperudaga í Reykjavík sem haldnir verða í annað sinn haustið 2018.

**Guja Sandholt** soprano lives in Amsterdam and Reykjavík. She enjoys a busy schedule as a soloist and ensemble singer, e.g. with the Dutch Radio Choir. She is the Artistic Director of the festival Óperudagar í Reykjavík. Recently, she portrayed *Julia Child* in Lee Hoiby's *Bon Appétit!*, *Popova* in W. Walton's *The Bear* and participated in the *Nieuwe Stemmen* project at the Operadagen Rotterdam. Guja has sung the solo parts of e.g. Bach's *Matthew Passion* and *Christmas Oratorio*, Handel's *Messiah*, Duruflé's *Requiem*, Beethoven's *Mass in C* and Dvorák's and Pärt's *Stabat Mater*. In August 2013 Guja went as a fellow of the Wagner Scholarship Foundation to Bayreuth to enjoy their annual Fellow program.

Guja studied at the Guildhall School of Music and Drama, the Mozarteum University in Salzburg and the Conservatory in Utrecht. She currently studies with Stephanie Doll in Düsseldorf.





**Heleen Vegter** stundaði píanónám hjá Frank van de Laar, Marjès Benoist og Frank Peters við tónlistarháskólann í Arnhem í Hollandi. Hún sérhæfir sig í meðleik með söngvurum og hefur sótt masterklassa hjá listamönnum á borð við Ronald Brautigam, Igor Roma, Malcolm Martineau, Angelika Kirschlager, Elly Ameling, Robert Holl og Hans Eijsackers. Hún er Britten-Pears Young Artist og sótti námskeið á þeirra vegum í Aldeburgh á Englandi sumarið 2017. Heleen

er eftirsóttur píanisti og meðleikari í heimalandi sínu, Hollandi, og kemur þar reglulega fram ásamt því að sinna kenndu við stúdíóið sitt í Arnhem. Hún starfar einnig náið með einni þekktustu sópransöngkonu Hollendinga, Charlotte Margiono, og spilar reglulega með nemendum hennar í tímum og á tónleikum.

Dutch pianist **Heleen Vegter** studied solo piano with Frank van de Laar, Marjès Benoist and Frank Peters at Arnhem Conservatory, Netherlands. Her Master of Music at ArTEZ enabled her to study the Art of Lieder and participate in masterclasses with e.g. Ronald Brautigam, Igor Roma and Kelvin Grout. Heleen currently works as accompanying pianist for classes, workshops, masterclasses and concerts. She has performed at several festivals such as Operadagen Rotterdam, the Uitmarkt Amsterdam and Menningarnótt in Reykjavík.

Most recent performances include Suor Angelica in Holland and Bon Appétit! by Lee Hoiby in Reykjavík. This and last year she participated in the International Liedfestival in Zeist, accompanying classes with Elly Ameling, Robert Holl and Hans Eijsackers. Heleen is a Britten-Pears Young Artist and was invited by Malcolm Martineau to attend his master course in Scotland, last January.

**Hlíf Sigurjónsdóttir** nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara og fór til framhaldsnáms hjá Franco Gulli við Háskólann í Indiana og Lorand Fenyves við Háskólann í Kanada. Þá hlaut hún styrk til náms í tvo vetur við hið þekktu listasetur Banff í Kletttafjöllum Kanada. Síðar nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar.

Haustið 2014 kom geisladiskurinn DIALOGUS út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Haustið 2015 endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk, frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönnötur og partítur fyrir einleiksfíðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.



**Hlíf Sigurjónsdóttir** studied the violin with concertmaster Björn Ólafsson at the Reykjavík College of Music and furthered her studies at the Universities of Indiana and Toronto where her teachers were Franco Gulli and Lorand Fenyves, followed by two winters as a stipendiary at the Banff School of Fine Arts in Canada. Later she took private lessons in New York from the renowned violinist and teacher Gerald Beal.

Hlíf has been fortunate over time to work with many of the leading musicians of the twentieth century, including the members of the Hungarian quartet. In 2014, MSR Classics released her solo violin disc DIALOGUS with works, all of which were written for her. That disc has been highly acclaimed, e.g. by Voix des Arts, and one of Fanfare Magazine's critics, Maria Nockin, has named it as one of the best CDs of the year 2015. In 2015 MSR Classics re-released the critically acclaimed 2-CD set of her playing the Sonatas and Partitas for solo violin by J.S. Bach, first released in 2008.

Að loknu námi við Det Jyske Musikonservatorium í Árósum stundaði **Søren Bødker Madsen** framhaldsnám við Tónlistarakademiuna í Basel og síðar Tónlistarháskólann í Vín, þaðan sem hann útskrifaðist með láði árið 1984. Síðar nam Søren hjá Stepan Rak við tónlistarakademiuna í Prag og einnig hefur hann tekið þátt í meistaranámskeiðum hjá Oscar Ghiglia, John Williams og Charles Sheit. Árið 1986 hlaut hann fyrstu verðlaun í alþjóðlegu Kutná Hora gítarkeppninni í Tékkóslóvakíu, en þar kepptu yfir eitt hundrað gítarleikarar.



Søren kemur víða fram á tónleikum í heimalandi sínu, Danmörku, og erlendis, bæði sem einleikari og í gítardúónum Blackbirds og Duo Paganini. Frá árinu 1981 hefur hann kennt við tónlistarskólann í Kolding og einnig hefur hann kennt gítarleik og kennslufræði við Jóska Tónlistarháskólann í Árósum. Hann hefur gefið út fjölda geisladiska og verið meðhöfundur kennslubóka um gítarleik. Søren semur tónlist og er fær útsetjari, meðal annars útsetur hann fyrir danska ríkisútvarpið.

**Søren Bødker Madsen** was born in Denmark. He studied with Maria Kämmerling and Leif Christensen at the Royal Academy of Music in Aarhus and continued his studies in Basel and later the Hochschule für Musik und darstellende Kunst in Vienna. Here he was awarded unanimous vote of excellence at his final examination. He has also studied with Stepan Rak at the Music Conservatory in Prague. In 1986 he won the first prize at the International Kutná Hora guitar competition in Czechoslovakia in which more than 100 guitarists participated.

As a soloist and a member of various guitar duos, Søren Bødker Madsen has recorded several CDs and DVDs, and performed in an extensive number of concerts both at home and abroad. Since 1981 he has been a teacher at Kolding Musikskole, and has taught the guitar and musical education at the Royal Academy of Music in Aarhus. He is the co-author of several guitar teaching books, and as composer and arranger he works e.g. for the Danish State Radio.

**Sýningar í Listasafni Íslands sumarið 2018**  
**Exhibitions in the National Gallery of Iceland, summer 2018**  
**Main Building – Frikirkjuvegur 7**



**LÍFSBLÓMIÐ - Fullveldi Íslands í 100 ár**

Handrit og mikilvæg skjöl er varða íslenska menningu og snerta sjálfsmynd þjóðarinnar, sjálfstæðisbaráttuna og fullveldi Íslands. Að sýningunni standa Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafn Íslands og Listasafn Íslands. Einnig lána önnur söfn, stofnanir og einkaaðilar - hérlandis og í Danmörku - verk á sýninguna. Opnar 17. júlí.

**BLOSSOMING - Iceland's 100 years as a sovereign state**

At the heart of this exhibition you will find manuscripts and important documents that relate to Icelandic culture and touch the nation's self-image, the fight for independence and Iceland's sovereignty.

The exhibition is organized by the Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies in Reykjavík, the National Archives of Iceland, and the National Gallery of Iceland. Manuscripts, documents and works of art from these institutions form the core of the exhibition, to which a number of other museums and institutions as well as private individuals, both in Iceland and in Denmark, have also lent exhibits. Opens July 17th.



Svavar Guðnason.  
 Íslandslag | Iceland's Melody, 1944

**FJÁRSJÓÐUR ÞJÓÐAR**

Í fórum Listasafns Íslands eru á tölfta þúsund verka af ýmsum gerðum, frá ýmsum löndum og ýmsum tímum. Á sýningunni er úrval verka úr þessari safneign, sem gefur yfirlit yfir þróun myndlistar á Íslandi frá öndverðri níftjándu öld til okkar daga.

**TREASURES OF A NATION**

A fair selection of works from the collection of the National Gallery of Iceland which displays the evolution of art in Iceland from the early nineteenth century to our times.



Arnar Herbertsson.  
 Ónefnd | Untitled, 1970

**ÝMISSA KVIKINDA LÍKI – ÍSLENSK GRAFIK**

Sýnd eru yfir 100 þrykk og fjölfeldi eftir 27 listamenn sem margir hverjir eru þekktari á öðrum sviðum lista en myndlistar.

**OTHER HATS - ICELANDIC PRINTMAKING**

This exhibition features over 100 prints and multiples by 27 artists, with examples dating from 1957 to the present.



Ásgrímur Jónsson. Nátttröll | The Night-Troll, 1950-55

**Safn Ásgríms Jónssonar**

**Ásgrímur Jónsson Collection**

**KORRIRÓ OG DILLIDÓ - Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar**

Myndheimur íslenskra þjóðsagna og ævintýra sem Ásgrímur Jónsson skapaði með verkum sínum er sannkallaður töfraheimur. Álfar, tröll og draugar, sem lifað höfðu með óljúsum hætti í hugskoti þjóðarinnar í rökkri baðstofunnar, taka á sig skýra mynd í þessari sýningu.

**KORRIRÓ OG DILLIDÓ - Pictures of folklore and fairy tales by Ásgrímur Jónsson.**

The visual world of Icelandic folklore and fairytales created by Ásgrímur Jónsson in his art is a truly enchanted realm. Elves, trolls and ghosts, which had lived a nebulous existence in the Icelandic mind in the semi-darkness of the old turf farmhouse, were given a clear form in Ásgrímur's art.



Asger Jorn, Sigurjón & Dagur Sigurjónsson, 1967

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar**

**Sigurjón Ólafsson Museum**

**TVEIR SAMHERJAR - Asger Jorn og Sigurjón Ólafsson**

Sigurjón Ólafsson og Asger Jorn voru báðir áhrifavaldar í framúrstefnulistinni í Danmörku á fjórða og fimmta áratug liðinnar aldar og áttu í nánum tengslum þar til Sigurjón hvarf til Íslands að stríði loknu.

Með því að stilla saman þeim listaverkum eftir Asger Jorn sem eru í eigu Listasafns Íslands og völdum verkum Sigurjóns frá svipuðum tíma, verður efnt til samtals sem ætlað er að varpa ljósi á ókönnuð tengsl milli þessara áhrifamiklu listamanna.

**TWO COMRADES - Asger Jorn and Sigurjón Ólafsson**

Sigurjón Ólafsson and Asger Jorn were both influential figures in avant-garde art in Denmark in the 1930s and 40s, and they had a close relationship until Sigurjón returned to Iceland at the end of World War II.

By showing works by Asger Jorn in the collection of the National Gallery of Iceland alongside selected works by Sigurjón Ólafsson from the same period, the intention is to open a dialogue which will throw light upon unexplored links between these influential artists.



Educated in Denmark, sculptor Sigurjón Ólafsson (1908–1982) was one of the pioneers of modernistic art in Iceland. He also developed the realistic style that characterizes his portrait busts and statues. He has been named one of his century's most important portrait sculptors.

The Sigurjón Ólafsson Museum was founded in 1984 by the artist's widow, Birgitta Spur. She had his studio converted to a museum building, which was opened for public in 1988. In 2012 she donated the museum, including a large collection of Sigurjón Ólafsson's sculptures, to the National Gallery of Iceland. The museum is situated by the seafront on the historical Laugarnes peninsula, a 30 minutes easy walk along the shore from Reykjavík city centre. The cafeteria, with a beautiful view over the ocean, is open during museum hours and after the summer concerts.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hýsir höggmyndir og teikningar eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara ásamt heimildum um listamanninn og er miðstöð rannsókna á list hans. Safnið var stofnað af ekkju listamannsins, Birgittu Spur, og rekið sem sjálfseignarstofnun til 2012 að hún afhenti það Listasafni Íslands. Nú er það rekið sem deild innan þess.



## Listasafn Sigurjóns Ólafssonar/ Sigurjón Ólafsson Museum

Laugarnestangi 70, IS-105 Reykjavík, Iceland  
Kaffistofa / Café  
Tel: (+354) 553-2906  
[www listasafn.is](http://www listasafn.is) / [www.LSO.is](http://www.LSO.is)  
[LSO@LSO.is](mailto:LSO@LSO.is)

